

Peysa með stórum köðlum

Stærðir:

(XS) S (M) L (XL)

Mælingar:

Yfirvidd: (91) 98 (102) 109 (116) sm.

Heildarlengd: (53) 54 (55) 56 (58) sm.

Ermalengd: 48 sm., eða eins og passar.

Garn:

Börstet alpakka (96 % alpakka, 4 % nylon u.þ.b. 110 m. í 50 gr. dokku) .

Bleikt 4625: (5) 5 (5) 6 (6) dokkur.

Sisu (80 % ull, 20 % nylon, u.þ.b. 175 m. í 50 gr. dokku, prjónfesta 27/10).

Bleikt 4314: (3) 3 (4) 4 (4) dokkur.

Aðrir garnmöguleikar fyrir Börstet alpakka:

Kos (62 % baby alpakka, 9 % ull, 29 % nylon, 50 gr. = u.þ.b. 150 m.).

Fritidsgarn (100 % norsk ull, u.þ.b. 70 m. í dokku).

Aðrir garnmöguleikar fyrir Sisu (prjónfesta 27/10):

Mini alpakka, Babyull Lanett, Tynn Merinoull, Tynn line, Mandarin Petit.

Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 8

Merkihringir

Kaðalprjónn, t.d. viðarkaðalprjónn frá

Knitpro.

Prjónfesta:

11 L. sléttprjón og 16 L. munstur með einum þræði af hvorri tegund á prjóna nr. 8 = 10 sm.



Bolur:

Fitjið upp (100) 108 (112) 120 (128) L. með einum þræði af hvorri tegund á prjóna nr. 8 og prjónið í hring 4 sm. brugðningu 1 sl., 1 br.

Látið merkihr. í hvora hlið, hafið (50) 54 (56) 60 (64) L. í hvorum hluta og látið merkihr. sitthvoru megin við 16 L. í miðju á framstk.

Prjónið munstur **A** yfir 16 L. á framstk. (= 22 L.eftir útaukningu í 1. umf.), prjónið slétt yfir hinar L.

Prjónið með þessari skiptingu þar til stk. mælist 33 sm., eins á öllum str.

Fellið af 8 L. í hvorri hlið fyrir handveg (= 4 L. sitthvoru megin við merkihr.).

Geymið bolinn og prjónið ermar.

Ermi:

Fitjið upp (30) 30 (32) 34 (36) L. með einum þræði af hvorri tegund á sokkaprjóna nr. 8 og prjónið í hring 7 sm. brugðningu 1 sl., 1 br.

Prjónið 1 umf. slétt, **samtímis** er aukið í jafnað um umf. þar til (38) 38 (40) 42 (44) L. eru á prj.

Látið merkihr. sitthvoru megin við 12

L. í miðju á erminni og annan merkihr. um fyrstu L. í umf.

Prjónið munstur C yfir L. 12 (= 14 L. eftir útaukningu í fyrstu umf.), hinar L. eru prjónaðar slétt = (40) 40 (42) 44 (46) L. á prj.

Prjónið þar til ermin mælist 48 sm., eða eins og passar.

Fellið af 8 L. í miðju undir ermi.

Geymið ermina og prjónið aðra ermi eins.

Laskaúrtaka:

Sameinið ermar og bol á hringprjón nr. 8 = (154) 162 (170) 182 (194) L. á prj. Látið merkihr. í hver samskeyti á bol og ermi = 4 merkihr.

Prjónið slétt og **munstur** eins og áður, **jafnframt** er tekið úr í laska við hvern merkihr. þannig: prjónið 2 snúði sl. saman fyrir framan hvern merkihr. og 2 sl. saman þegar komið er fram yfir hvern merkihr. = 8 L. teknar úr í umf. Endurtakið úrtöku í annarri hverri umf. alls (5) 6 (7) 8 (10) sinnum = (106) 106 (106) 110 (106) L. á prj.

Prjónið nú munstur B yfir 22 L. í miðju á framstk., takið úr eins og sýnt er á skýringarmyndinni, hinar L. eru prjónaðar eins og áður og endurtakið laskaúrtöku (4) 3 (3) 3 (2) sinnum til viðbótar = (70) 78 (78) 82 (88) L. á prj. Látið (10) 10 (10) 12 (12) L. í miðju á framstk. á prjónanælu fyrir hálsnál, klárið umf. Klippið frá og byrjið á réttunni við hálsnálið.

ATH! Gerið kaðalsnúningana og laskaúrtökuna alltaf á réttunni.

Takið úr (3,2) 3,1,1 (3,1,1) 3,1,1 (2,1,1,1) L. í byrjun hverrar umf., eins beggja megin **jafnframt** er laskaúrtaka gerð (2) 3 (3) 3 (4) sinnum til viðbótar ef hægt er.

ATH! Prjónið eins og lykkjurnar liggja þar sem ekki eru nógu margar L. í heilan kaðal.

Geymið L. sem eftir eru á prjóninum fyrir hálslíningu.

Frágangur: Saumið handveginn saman.



Hálslíning:

Prjónið upp um (56) 60 (60) 62 (62) L. meðfram hálsnálinu, meðtaldar eru L. sem geymdar voru. Notið einn þráð af hvorri tegund og prjóna nr. 8.

Lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 2.

Prjónið í hring 10 sm. brugðningu 1 sl., 1 br. Fellið af með sl. og br. L. Brjótið hálslíninguna í tvennt inn á rönguna og saumið niður, passið að sporin sjáist ekki.





- = Sl. á réttunni, br. á röngunni.
- ▣ = Br. á réttunni, sl. á röngunni.
- ⊙ = Aukið í 1 L. með því að taka upp bandið á milli tveggja L. og prjóna snúið slétt.

= Látið 4 L. á kaðalprjón fyrir aftan stk., 4 sl., prjónið L. af kaðalprj. slétt.

= Látið 4 L. á kaðalprjón fyrir framan stk., 4 sl., prjónið L. af kaðalprj. slétt.

= Látið 1 L. á kaðalprj. fyrir aftan stk., 4 sl., prjónið L. á kaðalprj. sl. saman með næstu L.

= Látið 4 L. á kaðalprj. fyrir framan stk., prjónið síðustu L. snúið sl. saman með næstu L., prjónið L. af kaðalprj. slétt.

= Látið 1 L. á kaðalprj. fyrir aftan stk., 4 sl., prjónið L. af kaðalprj. slétt.

= Látið 4 L. á kaðalprjón fyrir framan stk., 1 sl., prjónið L. af kaðalprj. slétt.

- = Engin lykkja